

***BORGARRÁÐ 10.11.'16: Tillaga borgarráðsfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina um endurskoðun á ferðamálastefnu Reykjavíkurborgar 2011-2020 - R16110060***

Þar sem fjöldi ferðamanna sem kemur til Íslands og heimsækir höfuðborgina hefur farið langt fram úr þeim spám sem gerðar voru fyrir árið 2011 og lágu til grundvallar nógildandi ferðamálastefnu Reykjavíkurborgar 2011-2020, er mikilvægt að ráðast í endurskoðun ferðamannastefnu borgarinnar sem byggð verður á nýjum spám og þar sem tekið verður tillit til þeirrar stöðu sem nú er uppi er varðar fjölda ferðamanna. Við teljum algerlega ótækt að bíða til ársins 2020 með að endurskoða áætlunina. Uppgangur er mikill í hótelluppbyggingum í borginni, sem og kapphlaup um verslunarhúsnæði og húsnæði fyrir veitingarstaði. Umræða um íbúðir í miðborginni sem leigðar eru til alfarið til ferðamanna hefur farið hátt og margir tengja að einhverju leyti við húsnæðisskort í borginni. Því leggjum við til að borgarráð samþykki tillögu okkar um að hefja strax vinnu við endurskoðun ferðamannastefnu Reykjavíkurborgar 2011-2020 og að þeirri vinnu verði lokið fyrir 1. mars 2017.

Borgarráð Reykjavíkur  
Ráðhúsi Reykjavíkur  
Tjarnargötu 11  
101 REYKJAVÍK

***Umsögn um tillögu borgarráðsfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina um endurskoðun á ferðamálastefnu Reykjavíkurborgar 2011-2020 – tilvísun í mál: R16110060***

Fyrir liggur tillaga borgarráðsfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina um endurskoðun á ferðamálastefnu Reykjavíkurborgar 2011- 2020 þar sem lagt er til að borgarráð samþykki tillögu um að hefja strax vinnu við endurskoðun ferðamálastefnu Reykjavíkurborgar 2011-2020 og að þeirri vinnu verði lokið fyrir 1. mars 2017.

Menningar- og ferðamálaráð ákvað í nóvember árið 2014 setja á fót stýrihóp um endurskoðun á aðgerðaáætlun Ferðamálastefnu Reykjavíkur. Hópurinn var skipaður fimm fulltrúum, sviðsstjóra Menningar- og ferðamálasviðs, forstöðumanni Höfuðborgarstofu, fulltrúa frá Umhverfis- og skipulagssviði, fulltrúa frá SAF og frá Ferðamálasamtökum höfuðborgarsvæðisins. Stýrihópurinn kallaði til samráðs breiðan hóp hagsmuna- og samstarfsaðila og skilaði tillögum sínum í maí 2015.

Í samhengi við þessa tillögu hafði farið fram stöðumat hvað ferðamálastefnuna sjálfa varðar í samráði við ýmsa samstarfsaðila. Niðurstaðan var að fjórar stoðir Ferðamálastefnu Reykjavíkurborgar; **ráðstefnuborgin, menningarborgin, vetrarborgin og heilsuborgin** hafi reynst afar vel sem sterkur, rauður þráður í allri nálgun borgarinnar þegar kemur að uppbyggingu og fjárfestingu í áfangastaðnum Reykjavík. Þessar áherslur eru grunnur fyrir langtíma aðgerðir sem miða að því:

- Að fjölga ferðamönnum utan háannar og þar með stuðla að betri arðsemi fyrirtækja í ferðaþjónustu í borginni og létta á vaxandi álagi á háönn (Vetrarborgin). Þessi áhersla rímar fullkomlega við áherslur allra annarra lykilaðila í ferðaþjónustu; Íslandsstofu, Icelandair og SAF.
- Að lyfta menningarframboði og ekki síst starfsemi borgarinnar á vettvangi menningar til að laða að menningarferðamenn og styrkja rekstrargrundvöll menningarstofnana með aukinni aðsókn (Menningarborgin). Þessi áhersla er t.a.m. þegar að skila sér í

auknum tekjum stofnana sviðsins af heimsóknum erlendra ferðamanna.

- Að fjölga betur borgandi ferðamönnum í Reykjavík og styðja við fyrirtæki sem starfa á MICE ( ráðstefnu- og hvataferðamarkaði) – en þessi markaður er talinn hvað verðmætastur og styður einnig við markmið um aukna dreifingu utan háannar (Ráðstefnuborgin). Reykjavík er stofnaðili og fjárfestir í rekstri Meet in Reykjavík sem er samstarfsvettvangur við fjölmörg fyrirtækja í borginni.
- Að vekja athygli á umhverfisgæðum, möguleikum heita vatnsins, grænum svæðum og útivistarmöguleikum í borginni og nágrenni hennar. (Heilsuborgin).

Allar þessar stoðir eru jafnframt enn lykilþættir í að byggja upp og viðhalda jákvæðri ímynd Reykjavíkur sem ferðamannaborgar.

Í yfirgripsmiklum markaðsrannsóknunum sem Höfuðborgarstofa og samstarfsaðilar stóðu að og hófust í febrúar 2013 og lauk í apríl 2014, kom ekkert fram sem gefur annað til kynna en að þetta séu enn fullgildar stoðir fyrir Reykjavíkurborg sem áfangastað. Gagnaöflun og rannsóknir samanstóðu af rýnihópum með erlendum vetrarferðamönnum, samantektum gæðakannana tíu ár aftur í tímann og spurningavagni sem 21.000 erlendir aðilar svöruðu.

Þrátt fyrir að grundvöllur stefnunnar, sem samþykkt var af borgarstjórn vorið 2011 hafi reynst styrkur og styðji vel við markmið borgarinnar og helstu samstarfsaðila um verðmætasköpun og vöxt er ljóst að þróun ferðaþjónustu í borginni hefur orðið með nokkuð öðrum hætti en forsendur frá 2011 gerðu ráð fyrir. Því var því bæði tímabært og brýnt að endurskoða og uppfæra aðgerðaáætlun stefnunnar og takast þannig á við ný viðfangsefni.

Sem dæmi má nefna hefur erlendum gestum borgarinnar fjölgað mun hraðar en gert er ráð fyrir í stefnunni. Það hefur sínar góðu og slæmu hliðar; ferðaþjónustan blómstrar sem aldrei fyrr en íbúar fjölsóttasta ferðamannastaðar landsins kunna að upplifa of mikið álag. Þannig má segja að á meðan landsbyggðin sé að glíma við náttúruleg þölmörk þarf Reykjavíkurborg að vera meðvituð um félagsleg og menningarleg þölmörk í tengslum við ferðaþjónustu. Aðrar forsendur sem hafa breyst eru að nú hafa sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu tekið höndum saman um að kynna sig alþjóðlega undir vörumerkinu Reykjavík og samhliða því hefur verið mótað nýtt auðkenni og nýjar áherslur í kynningarstarfi í gegnum REYKJAVÍK LOVES. Hér er jafnframt um að ræða eina af lykilaðgerðum ferðamálastefnunnar – en vel hefur gengið að fylgja þeirri skýru aðgerðaáætlun sem samþykkt var með stefnunni.

Stýrihópurinn um endurskoðun aðgerðaáætlunar ferðamálastefnunnar kallaði saman hópa helstu hagsmunaaðila ferðaþjónustunnar í Reykjavík auk fulltrúa sveitarfélaga á svæðinu, ferðamálayfirvalda og kjörinna fulltrúa í Reykjavík til að greina stöðuna og leggja inn hugmyndir í endurskoðaða áætlun. Fór þessi vinna að nokkru leyti saman við upplegg stjórnvalda sem urðu að Vegvísi í ferðaþjónustu og stofnun Stjórnstöðvar ferðamála.

Drög að nýrri aðgerðaáætlun voru kynnt menningar- og ferðamálaráði um mitt ár 2015 og var viðfangsefnum eins og félagslegum þölmörkum veitt sérstök athygli sem og vitundarvakningu um gildi ferðaþjónustunnar sem atvinnugreinar fyrir Reykjavík og íbúa borgarinnar s.s. sköpun fjölda starfa, í aukinni flóru veitingastaða og menningarviðburðum og afþreyingu hverskonar.

Höfuðborgarstofa er nú að ljúka endurskoðun á aðgerðaáætluninni sem verður lögð fyrir menningar- og ferðamálaráð í janúar. Í henni er hnykkt enn betur á þeim mikilvægu forgangsverkefnum sem lúta að móttöku ferðamanna og samstarfi um stjórnun áfangastaðarins. Í því sambandi má t.a.m. nefna að vinna er hafin við svokallað Destination Management Plan sem er að frumkvæði Ferðamálastofu og Stjórnstöðvar ferðamála og er í vinnslu um allt land, upplýsingaöflun um umfang heimagistingar í gegnum airbnb og starfshópur um heimagistingu, starfshópur um ferðaþjónustutengda umferð í miðborginni o.s.frv. Í aðgerðaáætluninni er þannig tekið tillit til þeirrar þróunar og vaxtar sem orðið hefur á ferðaþjónustu hér á landi og í borginni og styðja aðgerðirnar við tækifæri og áskoranir sem Reykjavík stendur nú frammi fyrir sem áfangastaður. Hafa ber þó í huga að þróunin í ferðaþjónustu er hröð og ljóst að aðgerðaáætlun dagsins í dag getur úrelst fljótt. Áætlunin verður því í stöðugri endurskoðun.

Það er því mat Menningar- og ferðamálasviðs að ekki sé ástæða til að taka upp grunnstefnuna að svo komnu máli en nýta sem best þau verkfæri sem felast í öflugri aðgerðaáætlun sem tekur til helstu viðfangsefna ferðaþjónustunnar í borginni.

Virðingarfyllst

Svanhildur Konráðsdóttir

sviðsstjóri Menningar- og ferðamálasviðs